

Ed.

228. Breytingartillaga

[101. mál]

við frv. til laga um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

2. gr. verði svo hljóðandi:

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera samtals í eign ríkisins og sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu.

Sveitarfélögunum í Austur-Barðastrandarsýslu skal standa til boða að kaupa hluta af hlutafjäreign ríkisins með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin setur.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.